

Stjórnarfundur nr. 8

4. nóvember 2009 kl.16:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Vinnuhundadeild – starfsemi og próf framundan

Á síðasta stjórnarfundum HRFÍ var fallað um starfsemi Vinnuhundadeildar HRFÍ, en í svari frá stjórn deildarinnar kom fram að fimm af átta auglýstum prófum sumarsins voru felld niður vegna ónógrar þátttöku. Formaður ítrekaði þann 20. október sl. fyrirspurn frá fyrri tölvupósti sínum um yfirlit fyrirhugaðrar starfsemi Vinnuhundadeildar í vetur.

Neðangreint er svar frá Vinnuhundadeild:

*From: Valgerður Stefánsdóttir [mailto:valas@simnet.is]
Sent: Tue 10/20/2009 9:34 PM
To: Jóna Th. Viðarsdóttir; spor@internet.is; albert@dyrheimar.is; steinar@vinnuhundar.com; faxi@simnet.is
Cc: Valgerður Júlíusdóttir
Subject: RE: Vinnuþróf í ágúst-september / fyrirhuguð starfssemi*

Sæl,

Þú færð það þegar þar að kemur.

Kkv VS

Þann 21. október sendir formaður neðangreindan tölvupóst til stjórnar Vinnuhundadeildar:

Sæl Valgerður

Þetta svar dugar mér engan veginn. Ég þurfti ítrekað að ganga á eftir dagskrá prófa sem áttu að vera sl. sumar. Svar barst frá deildinni þegar langt var liðið á sumar eða 24. júlí þegar nokkrir dagar voru í fyrstu prófin, sem þurfti að flauta af fyrir vikið. Þannig vinnubrögð getum við ekki viðhaft og því ítreka ég enn og aftur upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi Vinnuhundadeildar HRFÍ n.k. vetur eða í síðasta lagi fyrir næsta fund stjórnar HRFÍ þann 4. nóvember.

Neðangreint svar barst samdægurs frá Vinnuhundadeild:

Sæl,

Það er leitt en svona er þetta.

Dagskráin verður ekki tilbúin fyrr en hún er það.

Ég er viss um að hún verður birt strax og hún er tilbúin.

Við erum að vinna í félagi og gerum þetta á þeim tíma sem við höfum.

Ef við stöndum okkur illa verðum við ekki endurkjörin.

J bestu kveðjur

VS

Neðangreindur tölvupóstur var sendur 3. nóv. frá Vinnuhundadeild á starfsmann á skrifstofu HRFÍ:

*From: Vala [mailto:valas@simnet.is]
Sent: 3. nóvember 2009 18:28
To: Dóttla Elín
Subject: vinnuþróf*

Sæl,

Við erum enn ekki komin með stað fyrir bronsþróf en ég held að það sé rétt að fara að birta dagsetningarnar á næstu prófum á HRFÍ síðunni.

Við erum með þau á Vinnuhundadeild.is

Viltu birta þau á HRFÍ síðunni eins og þetta er hjá okkur?

<http://www.vinnuhundadeild.is/dagskra-vinnuprofa.php>

Það er 28 nóv spor og 21 nóv brons

Starfsmaður skrifstofu sendi neðangreint um hæl:

Sæl Valgerður.

Samkvæmt reglum um vinnuhundadeild segir eftirfarandi í 8. grein:

"Stjórn vinnuhundadeildar fer yfir umsóknir um vinnupróf og sendir stjórn HRFÍ til samþykktar ásamt fyrirhugaðri dagskrá vinnuhundadeildar fyrir komandi ár."

einnig segir eftirfarandi í 9. grein:

"Yfirlit yfir dagskrá prófa skal birtast í Sámi og á vef félagsins."

Samkvæmt ofangreindu átti neðangreindur póstur þinn ekki að sendast á stjórn HRFÍ? Einnig vil ég benda ykkur á að Sámur kemur út fyrir jólin og er síðasti skiladagur fyrir deildarfréttir og annað efni 11. nóvember.

Neðangreint svar kom frá Vinnuhundadeild:

From: valas@simnet.is [mailto:valas@simnet.is]

Sent: 4. nóvember 2009 14:51

To: Dóttla Elín

Subject: Re: vinnupróf

takk

Já það verður fyrir komandi ár. Þetta ár er með svolitlum byrjendabrag.

Það er í smíðum dagskrá næsta árs (alls) það gengur bara hægt að enda það.

Við hljótum að na'inn í Sám.

Í reglugerð um starfsemi Vinnuhundadeildar stendur:

I. Markmið

Tilgangur deildarinnar er að stuðla að hjálfun og prófum fyrir hunda félagsmanna ásamt því að auka þekkingu á vinnuhundum og virðingu fyrir hundamenningu.

Markmið vinnuprófa er að kanna og skrá notkunareiginleika og vinnuhæfileika hunds. Einnig að efla hundamenningu og hjálfun vinnhunda.

Vinnuhundadeild er ekki ræktunardeild og er opin öllum félagsmönnum

Jafnframt segir:

III. Starfsvið vinnuhundadeildar

9. Yfirlit yfir dagskrá prófa skal birtast í Sámi og á vef félagsins.

Miðað við ofangreind svör frá stjórn Vinnuhundadeildar næst tæplega að birta dagskrá prófa í næsta tölublaði Sáms frekar en síðsumardagskrá í 1. tbl. Það er með ólíkindum hvað stjórn nýstofnaðrar deildar er metnaðarlaus og síðan bera því við að standi þau sig ekki verði þau ekki endurkjörin. Það er ekki félaginu til framdráttar ef allir sem taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið eru þannig þenkjandi. Félagsmenn ættu að kynna sér hvað felst í trúnaðarstarfi, sem viðkomandi hefur áhuga á að vinna fyrir félagið, áður en þeir gefa kost á sér viðkomandi starf. Með þessu áframhaldi verður lítil sem engin starfsemi í Vinnuhundadeild fyrsta starfsárið.

Samþykkt að boða vinnuhundadeild á fund stjórnar í næstu viku.

2. Ritarnámskeið

Ritarnámskeið verður haldið laugardaginn 21. nóvember kl.12:00-18:00 á skrifstofu HRFÍ. Námskeiðið er fyrir alla áhugasama sem geta ritað dóma á ensku fyrir dómara á hundasýningum félagsins. Stefanía Sigurðardóttir er umsjónaraðili námskeiðsins.

3. Vantraust – erindi til stjórnar frá félagsmanni

A-2314

Bréf frá formönnum Mjóhundadeildar og Vorstehdeildar og Önnu Birnu Björnsdóttur frá Íþróttadeild.

Boða stjórnir deildanna á fund stjórnar miðvikudaginn 11. nóvember.

4. Bréf frá PMF deild – heilbrigðiskröfur vegna skráningar í ættbók

A-2315/A-2315a

Senda þeim bréf og óska eftir upplýsingum um hver sé ástæðan fyrir því að bannað er að rækta undan dobermann hundum sem greinast með mjaðmalos C, sem er ekki með aðrar hundategundir. Stjórn getur ekki samþykkt skapgerðarmat á meðan félagið býður ekki upp á matið. Hægt er að setja þær kröfur inn um leið og dagskrá skapgerðarmats liggur fyrir.

5. Bréf frá FCI vegna Kristínar Jóhannesdóttur

A-2316

Skuldabréf kr.575.000. sem Kristín útfyllti og sendi til Lindu Wiium til undirskriftar, er á skrifstofu HRFÍ undirritað af Lindu Wiium og vitundarvottum.

Einnig er yfirstrikaðuð ávísun kr.100.000 útgefin af Landsbanka Íslands á Kristínu. Samtals gera þetta 675.000

Nú er ljóst að kaupandi hundanna CH Veroette Someone To Bragabout, Zamora's Time For Love og Zamora's Elegante hefur uppfyllt samninginn og beðið er eftir að Kristín komi með ættbækur framangreindra hunda um leið og hún sækir skuldabréfið og ávísunina. Málið er í frekari vinnslu.

6. Fundargerð frá NKU fundi 21.08.09.

A-2317

7. Bréf frá Vorstehdeild vegna veiðiprófsreglna fyrir tegundahóp 7 **A-2318/A-2318a**

Dags. 12. Október 2009.

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður
Hundaræktarfélag Íslands
Síðumúla 15
108 Reykjavík

Erindi bréfs þessa til HRFÍ er að stjórn Vorsteh deildar óskar eftir því við stjórn HRFÍ að hún hlutist til við að reglum um veiðipróf tegundarhóps 7 verði teknar til endurskoðunar fyrir næsta próftímabil.

Á síðasta ári voru samþykktar umtalsverðar breytingar á reglum HRFÍ um veiðipróf fyrir standandi fuglahunda. Eins og kunnugt er var ekki einróma stuðningur fuglahundamanna við þær breytingar. Með ákveðnum breytingum teljum við að hægt verði að ná mun meiri samstöðu um prófreglurnar.

Í annan stað má geta þess að miðað hefur verið við að íslensku reglurnar séu sem mest sambærilegar norskum veiðiprófsreglum. Frá því að íslensku reglurnar voru samþykktar hefur norskur reglum verið breytt og því er enn frekari ástæða til að taka reglurnar til endurskoðunar.

Einnig eru mjög góð rök í málinu að langflestir erlendir dómara sem koma hingað til lands að dæma veiðipróf hjá grúppu 7 hundum koma frá Noregi.

Okkar tillaga gengur ekki út á heildarendurskoðun reglnanna enda tæki slík vinna langan tíma. Hins vegar mætti vel gera afmarkaðar breytingar á reglunum. Slík vinna ætti ekki að vera tímafrek ef vel er á málum haldið.

Við sjáum fyrir okkur að deildirnar þrjár sem eru í tegundarhóp 7 myndu skipa einstaklinga í vinnuhóp sem ætti að koma með tillögur um breytingar á reglunum. Á fyrsta fundi vinnuhópsins myndu menn leggja fram sínar tillögur um breytingar á reglunum. Á þeim fundi gæfist svo tækifæri fyrir hvern og einn að færa fram rökstuðning fyrir breytingartillögum. Á næsta fundi vinnuhópsins gætu menn svo komið með afstöðu sína gagnvart þeim breytingum sem lagðar voru fram á síðasta fundi. Síðan væru málin rædd og kannað með grundvöll fyrir sameiginlegum tillögum vinnuhópsins. Á þriðja og síðasta fundi vinnuhópsins væru svo lagðar fram til samþykkis breytingartillögur hópsins.

Stjórn Vorsteh deildar telur að ærin ástæða sé til að skoða veiðiprófsreglurnar og að ná fram meiri samstöðu um þær. Við vonumst til að HRFÍ taki jákvætt í það og að látið verði á það reyna hvort ekki sé vilji til að endurskoða reglurnar fyrir næsta próftímabil sem hefst í byrjun ársins 2010.

Virðingarfyllst.

F.h. stjórnar Vorstehdeildar HRFÍ

Kjartan Antonsson, formaður Vorstehdeildar

Stjórn styður ofangreint erindi vorstehdeildar þar sem ljóst var að norsku veiðireglurnar voru í endurskoðun þegar íslensku veiðireglurnar voru samþykktar auk þess sem ekki var lokið við endurskoðun á alhliðaprófi. Stjórn óskar eftir að deildir fyrir tegundahóp 7 tilnefni aðila til að vera í vinnuhóp til að yfirfara veiðiprófsreglur fyrir standandi fuglahunda.

8. Umsókn um stofnun deildar fyrir Siberian Husky

A-2319

Úr lögum HRFÍ:

VII. Ræktunardeildir

19. Heimilt er að stofna ræktunardeildir innan HRFÍ og skal verksvið þeirra vera eftirfarandi:

2. Að vera ráðgefandi og **búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum.** Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.

21. **Stjórn HRFÍ skal setja reglur um stofnun og skipulag ræktunardeilda í samráði við vísindaráð HRFÍ.** Hafa skal að leiðarljósi að stofnstærð og gæði hunda af viðkomandi kynjum séu með þeim hætti að eðlileg og heilbrigð ræktun geti átt sér stað og að til staðar sé haldgóð þekking á viðkomandi hundakynjum, meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum, ræktun og undaneldi sem og störfum ræktunardeilda. **Telji stjórn og vísindaráð HRFÍ grundvöll vera fyrir ræktunardeild skv. ofangreindu, skal tillaga þess efnis lögð fyrir félagsfund HRFÍ til samþykktar. Tillögu skal fylgja greinargerð stjórnar og vísindaráðs.**

Neðangreindir aðilar gefa kost á sér í bráðabirgðastjórn:

Stefán Arnarson f.1989 - félagsmaður frá 2007 – ræktunarnafn: Miðnætur – 1 got 2009

Magný Ósk Arnórsd. f.1968 – félagsmaður frá 2007 – ræktunarnafn:Nótt í norðri – 1 got 2008

Íris María Eyjólfsdóttir f.1983 – gr.félagsgj.2006 og 2009 – er skráður eigandi á einum hundi

Linda Jónsdóttir f.1988 – félagsmaður frá 2008 – er skráður eigandi tveggja hunda

Ósk Bára Bjarnadóttir f.1960 – félagsmaður frá 2008 – er skráður eigandi tveggja hunda

Stjórn sammála um stofnun deildar siberian husky en hvetur tengilið að boða til fundar með eigendum siberian husky skráða hjá félaginu og kanna vilja þeirra til að stofna deild. Einnig að finna reyndara fólk í stjórn deildarinnar.

9. Bréf til dýralækna frá Matís ohf. – foreldragreining

Bréfið var einnig sent HRFÍ ásamt auglýsingu. Birt á vefsíðu HRFÍ.

Er hundurinn þinn greindur?

Foreldragreining hvolpa með erfðagreiningu

Ágæti dýralæknir.

Mig langar að kynna fyrir þér/ykkur þjónustu á vegum Matís ohf á erfðagreiningum. Matís býður m.a. upp á foreldragreiningar á hundum. Ef vafi er á faðerni hvolpa getur erfðagreining skorið úr um hvort meintur faðir sé hinn rétti. Í sumum tilfellum eru fleiri en einn faðir í sama goti. Þetta getur verið nauðsynlegt ef um ættbókarferða hvolpa er að ræða. Greiningin fer þannig fram að Matís sendir sýnatökubúnað til viðkomandi dýralæknis eða eiganda. Í sýnatökubúnaðnum eru bómullarpinnar, glös með sýnavökva, hanskar og leiðbeiningar. Tekið er stök úr kinn á hvolpum og meintum foreldrum. Sýnin eru svo send tilbaka til Matís. Að lokinni DNA einangrun úr bómullarpinum eru 18 erfðamörk greind í sýninu. Við úrvinnslu niðurstaðna eru afkvæmi borin saman við móður og mögulega feður til að skera úr um hver sé mögulegur faðir. Bréf eða e-mail er síðan sent til viðskiptavinar (eða dýralæknis) með svári. Greiningin kostar 5.800 kr./dýr með ofantölu. Það tekur minnst 2 vikur að greina sýnin.

Með þessu bréfi fylgir auglýsing til að kynna þjónustuna fyrir hundeigendum.

Sjá auglýsingu hér.

Kær kveðja,

Sigríður Hjörleifsdóttir

Fagstjóri í erfðagreiningum hjá Matís ohf. s. 858-5113 eða sigridur.hjorleifsdottir@matis.is

10. Fysioteraphi and massage on dogs – why, when, how.

Fyrirlestur Önnu-Liv Sollesnes um Fysioteraphi and massage on dogs, why, when and how verður haldinn á skrifstofu félagsins þriðjudaginn 24. nóvember kl. 19:30-22:00.

Skráning fer fram á skrifstofu HRFÍ en Anna-Liv tekur á móti greiðslu í upphafi fyrirlestursins kr. 1500.

Anne-Liv Sollesnes er norskur hjúkrunarfræðingur, hundapjálfari og hundanuddari og nemi í hundasjúkraþjálfun. Hún er mikil áhugamanneskja um veiðar, rekur hundaskóla, hundahótel og sér um endurhæfingu hunda í samstarfi við dýralækna, sjá vefsíðu hennar: www.fjeld-hundesenter.no og www.fjeld-hundesenter-hundeblogg.net.

11. Fulltrúaráðsfundur verður ákveðinn síðar.

12. Önnur mál

- **Fundur með MAST**

Fulltrúar frá Mast gátu ekki komið á fundinn í dag. Í athugun hvort þeir komist n.k. miðvikudag 11. nóvember kl.16.

- **Ósamþykktur klúbbur í Honduras (CAN – Canófilos Asociados Nacionales).**

Formaður þessa klúbbs er Mr. Francisco Panameno var rekinn árið 1997 fyrir lífstíð úr ACH (Asociacion Canofila de Honduras) sem er aðili að FCI.

- **Á fundi FCI 4. október í Bratislava var ákeðið að aflétta refsiaðgerðum FCI gegn Uniunea Shinologica din Moldova (UchM).**

13. Næsti fundur stjórnar miðvikudaginn 11. nóvember kl.16:00 ef fulltrúar MAST koma á fundinn.

Fundi slitið.